

Sýslumannafélag Íslands.

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/564**  
**komudagur 4.1.2006**

Akranes 2. 1. 2006.

Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 22. nóvember sl. fór allsherjarnefnd Alþingis fram á umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða réttarstöðu samkynhneigðra (sambúð, ættleiðingar og tæknifrjóvgun), 340. mál. Um er að ræða breytingu á lögum nr. 21/1990 um lögheimili, lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum, lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, húsaleigulögum nr. 36/1994, lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingar lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 155/1998 um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, lögum nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda, lögum nr. 90/2003 og nr. 129/2004 um tekju- og eignaskatt, lögum nr. 14/2004 um erfðafjárskatt, lögum nr. 87/1996 um starðfesta samvist, lögum nr. 130/1999 um ættleiðingar, lögum um tæknifrjóvganir nr. 55/1996, barnalögum nr. 76/2003, erðalögum nr. 8/1962 og loks lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof. Tilgangur breytinganna er að afnema mismunun sem enn fyrirfinnst í lögum varðandi réttarstöðu samkynhneigðra.

Stjórn félagsins hefur fjallað um efni frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir við efni þess.

F.h. Sýslumannafélags Íslands,

  
Ólafur P. Hauksson.